

15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 12. apríl 1957.

Nr. 14/1955. **Litla Skógerðin h/f** (Marteinn M. Skaftfells)

gegn

Harry A. Jensen og Lilly Th. Jensen

(Vilhjálmur Jónsson hrl).

og

Harry A. Jensen

gegn

Litlu Skógerðinni h/f

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Vanefndir starfssamnings. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. janúar 1955, að fengnu áfrýjunarleyfi 19. s. m., gerir þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda og stefnda í máli þessu. Þá krefst hann þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 39.000.00 og að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 16.000.00 og loks að þeim báðum in solidum verði auk þess dæmt að greiða honum kr. 25.000.00. Enn fremur krefst hann 6% ársvaxta af dæmdum fjárhæðum frá 24. september 1952 og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda og stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi, sem skotið hefur málinu til Hæstaréttar af sinni hálfu með stefnu 26. apríl 1955, að fengnu áfrýjunarleyfi 18. s. m., krefst aðallega algerrar sýknu af kröfum aðaláfrýjanda í málinu og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 61.693.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. september 1952 til greiðsludags. Svo krefst hann þess, að

lögaldsgerð sú, sem í héraðsdómi greinir, verði staðfest. Loks krefst hann málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir báðum dómum að mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Málsatvikum er rétt lýst í héraðsdómi.

Staðfesta ber forsendur og niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, að því er varðar aðalsök í héraði, þó að undanskildu ákvæði um málskostnað. Þá ber einnig að staðfesta ákvæði héraðsdóms í framhaldssök í héraði um skaðabótaskyldu aðaláfrýjanda. En þegar þess er gætt, að gagnáfrýjandi og kona hans tóku sig upp frá heimili sínu í fjarlægju landi, og að öðru leyti með skírskotun til raka héraðsdóms þykja bætur þeim til handa hæfilega ákveðnar kr. 20.000.00 auk vaxta af þeirri fjárhæð, eins og segir í héraðsdómi.

Í gagnsök í héraði og sakaukamáli ber að staðfesta héraðsdóm, að öðru en varðar ákvörðun um málskostnað.

Samkvæmt framanskráðu ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda kr. 4.149.00 + kr. 20.000.00 auk 6% ársvaxta af hinn fyrrgreindu fjárhæð frá 10. september 1952 og og af hinni síðargreindu fjárhæð frá 7. október 1952, hvort tveggja til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir báðum dómum, samtals kr. 8.000.00. Svo greiði hann og stefnda málskostnað í Hæstarétti, kr. 2.000.00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Harry A. Jensen, og stefndi, Lilly Th. Jensen, eiga að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda, Litlu Skógerðarinnar h/f, í máli þessu.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 24.149.00 auk 6% ársvaxta af kr. 4149.00 frá 10. september 1952 og af kr. 20.000.00 frá 7. október s. á. til greiðsludags.

Hin áfrýjaða lögaldsgerð er staðfest.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 8000.00. Svo greiði

hann og stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. október 1954.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. f. m., hefur Harry A. Jensen, Drápuhlíð 41 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 10. september 1952, gegn Litlu skógerðinni h.f. hér í bænum til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 18.012.00 með 6% ársvöxtum frá 1. september 1952 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu. Þá hefur stefnandi krafizt þess, að staðfest verði löghald, er hann þann 9. september 1952 lét leggja á eignir stefnda til tryggingar kröfum þessum.

Með stefnu, útgefinni 7. október 1952, höfðaði stefnandi framhaldssök. Gerði hann þar þær dómkröfur, að stefnda yrði dæmt að greiða kr. 45.500.00 með 6% ársvöxtum frá 1. september 1952 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda í aðal-sök og framhaldssök og að framangreint löghald verði úr gildi fellt.

Með stefnu, útgefinni 24. september 1952, höfðaði stefndi gagn-sök og sakaukamál gegn eiginkonu gagnstefnda, Lilly Jensen, Drápuhlíð 41 hér í bænum. Gerði gagnstefnandi þær dómkröfur í gagnsökinni og sakaukamáli, að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða skuld, að fjárhæð kr. 39.000.00 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, að sakaukastefndi, Lilly Jensen, verði dæmd til að greiða skuld, að fjárhæð kr. 16.000.00 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, og að gagnstefndi og sakaukastefndi verði in solidum dæmd til að greiða skuld, að fjárhæð kr. 27.187.75 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags. Í öllum tilvikum hefur gagnstefnandi krafizt málskostnaðar úr hendi gagnstefnda og sakaukastefnda að mati dómarans.

Gagnstefndi og sakaukastefndi hafa krafizt sýknu af öllum kröfum gagnstefnanda í gagnsök og sakaukamáli og málskostnaðar sér til handa.

Málsatvik eru þau, að þann 7. marz 1952 birtist í dagblaðinu „Berlingske Tidende“ í Kaupmannahöfn auglýsing frá fyrirtæki einu hér í bæ, sem nefndi sig Elmaro, þess efnis, að skóverksmiðja á Íslandi óskaði eftir að ráða verkstjóra og skósaumakonu

til starfa í verksmiðjunni. Heitið var góðum launum og ókeypis ferðum. Aðalstefnandi gaf sig fram sem umsækjandi um verkstjórarstarfið, og eiginkona hans, sakaukastefndi, sem umsækjandi um skósaumakonustarfið. Kvaðst aðalstefnandi vera menntaður og vanur skógerðarmaður og hafa veitt skóverksmiðjum forstöðu. Þá væri kona hans vön skósaumi. Óskaði hann nánari upplýsinga um laun og fleiri atriði. Þann 16. marz 1952 ritaði fyrrgreint firma aðalstefnanda bréf, og eru þar ýmsar upplýsingar varðandi væntanlegt starf aðalstefnanda og konu hans. Um laun þeirra segir, að þau myndu verða kr. 5.000.00 á mánuði fyrir þau bæði hjónin fyrstu tvo til þrjá mánuðina, en síðan hækka eftir nánara samkomulagi. Bréfi þessu svaraði aðalstefnandi með bréfi, dags. 24. marz 1952. Kveðst hann þar hafa áhuga fyrir starfinu og óskar eftir, að honum verði send drög að ráðningarsamningi. Þá kveðst aðalstefnandi ganga út frá því, að vinnuveitandinn greiði ferðakostnað allan. Bréfi þessu svaraði nefnt firma með bréfi, dags. 1. apríl 1952, og tilkynnir honum, að hann myndi verða ráðinn og honum send drög að ráðningarsamningi hið fyrsta. Aðalstefnandi virðist hafa svarað bréfi þessu með bréfi, dags. 5. apríl 1952, og staðfest ráðninguna. Þann 21. apríl ritaði firmað Elmaro aðalstefnanda enn bréf, og er þar fram tekið, að hann verði brátt látinn vita, hvort óskað verði eftir, að hann fari frá Kaupmannahöfn þann 27. apríl eða 3. maí 1952. Þá er tekið fram í bréfi þessu, að drög að ráðningarsamningi verði send með næstu pósthferð. Enn ritaði firma þetta aðalstefnanda bréf þann 24. apríl 1952. Í bréfi þessu er tekið fram, að firmað sé reiðubúið að greiða aðalstefnanda kr. 3.000.00 og sakaukastefnda kr. 2.000.00 í laun á mánuði í um það bil þrjá fyrstu mánuðina. Eftir fyrstu þrjá mánuðina vilji firmað hækka launin smám saman (efterhaanden), laun aðalstefnanda í um kr. 4.000.00 og laun sakaukastefnda í um kr. 2.500.00. Þá er þess getið, að hugsanlegt sé að semja um föst laun og ágóðahlut af seldum vörum. Þá er það tekið fram, að firmað muni greiða ferðina hingað til lands og við það sé miðað, að þau hjónin starfi við skóverksmiðjuna í minnst eitt ár. Laun verði greidd mánaðarlega eftir á. Þó muni aðalstefnandi geta fengið fyrirframgreiðslu hinn fyrsta mánuð. Talað er um í bréfinu, að rétt sé að bíða með endanlegan ráðningarsamning, þar til aðalstefnandi sé kominn hingað til lands, en þess er óskað, að þau hjónin leggi af stað frá Kaupmannahöfn þann 3. maí s. á. Þessum síðustu bréfum svaraði aðalstefnandi með bréfi, dags. 28. apríl, og kveðst fallast á, að endanlega verði gengið frá ráðningarsamningi, þegar

hann sé kominn til Íslands, en hann sé reiðubúinn að leggja af stað þann 3. maí. Aðalstefnandi lagði síðan af stað til Íslands þann 3. maí 1952, en kona hans gat þá eigi farið með honum vegna sjúkleika, að því er hún telur. Aðalstefnandi kom hingað til lands þann 8. maí og hóf vinnu í verksmiðju aðalstefnda skömmu síðar, en ómótmælt er, að hann hafi verið ráðinn þangað til starfa og aðalstefndi beri ábyrgð á þeim skuldbindingum, sem Elmaro kunni að hafa tekið í sambandi við ráðningu aðalstefnanda og sakaukastefnda. Hins vegar var skriflegur ráðningarsamningur aldrei gerður. Eiginkona aðalstefnanda, sakaukastefndi í máli þessu, kom hingað til lands 6. júní 1952 og hóf vinnu í skóverksmiðju aðalstefnda skömmu síðar. Unnu þau hjónin síðan í verksmiðjunni til 12. september 1952, en virðast hafa hætt þar störfum þann dag.

Aðalsök.

Kröfur sínar í aðalsök sundurliðar aðalstefnandi þannig:

1. Vangreidd laun þeirra hjóna fyrir tímabilið	
frá 1. apríl til 31. ágúst 1952	kr. 15.800.00
2. Leiga fyrir tæki	„ 1.000.00
3. Ferða- og flutningskostnaður frá Sorö til	
Kaupmannahafar	kr. 1.212.00
	kr. 18.012.00

Um 1.

Kröfu sína fær aðalstefnandi þannig fram, að hann telur, að honum og konu hans hafi borið laun frá aðalstefnda frá 1. apríl 1952 að telja, en þá hafi þau verið reiðubúin að leggja af stað hingað til lands, hvenær sem þess væri óskað af aðalstefnda eða Elmaro. Að því er launakjör varðar, þá beri honum í laun kr. 3.000.00 á mánuði fyrstu þrjá mánuðina, eða til 30. júní 1952. Eftir þann tíma hafi honum verið lofað kr. 4.000.00 í kaup á mánuði. Konu hans beri hins vegar kr. 2.000.00 í laun fyrstu þrjá mánuðina, en kr. 2.500.00 á mánuði eftir þann tíma. Fyrir tímabilið frá 1. apríl til 31. ágúst beri þeim því alls kr. 28.000.00 í laun. Hins vegar hafi þeim aðeins verið greiddar kr. 12.200.00, þannig að eftir standi af þessum sökum kr. 15.800.00.

Af hálfu aðalstefnda hefur því verið algjörlega mótmælt, að aðalstefnandi og kona hans hafi verið ráðin til starfa frá 1. apríl 1952 að telja. Ekki hafi verið gengið frá samningum fyrr en síðast í aprílmánuði og við það miðað, að þau hjónin legðu af stað til Íslands þann 3. maí. Það hafi aðalstefnandi sjálfur gert

og verið kominn hingað til lands þann 8. maí 1952 og frá þeim tíma beri honum fyrst laun. Að því er varði eiginkonu aðalstefnanda, þá hafi hún fyrst mætt til vinnu þann 8. júní 1952 og eigi ekki rétt á kaupum frá fyrri tíma. Að því er kauphæðina varði, þá hafi verið svo um samið, að aðalstefnandi skyldi hafa kr. 3.000.00 í kaup í ca fyrstu þrjá mánuðina, en hækka síðan smátt og smátt upp í kr. 4.000.00 í laun á mánuði. Eiginkona aðalstefnanda hafi á sama hátt átt að hafa fyrst kr. 2.000.00 í mánaðarlaun, en síðan hækka smátt og smátt upp í kr. 2.500.00 á mánuði. Þessar hækkunarir hafi verið við það miðaðar, að rekstur skóverksmiðjunnar gengi vel og aðalstefnandi og kona hans stæðu sig vel í stöðum sínum. Í reyndinni hafi þetta farið öðru vísi. Aðalstefnandi eigi því aðeins rétt á kr. 3.000.00 á mánuði í kaup fyrir tímabilið frá 8. maí 1952 til 8. september sama ár og eiginkona hans eigi á sama hátt aðeins rétt á kr. 2.000.00 í kaup á mánuði fyrir tímabilið frá 8. júní 1952 til 8. september 1952. Alls nemi því laun þeirra hjóna þenna tíma kr. 18.000.00. Hins vegar hafi þeim hjónum verið greitt í reiðufé kr. 12.200.00 í kaup. Þá beri verksmiðjan ábyrgð á sköttum aðalstefnanda og eiginkonu hans og hafi greitt þá að nokkru, og telur aðalstefndi þetta nema kr. 4.000.00. Þá kveðst aðalstefndi hafa greitt farmgjald fyrir muni aðalstefnanda frá Kaupmannahöfn til Reykjavíkur, kr. 3.555.75, en þetta hafi henni verið óskýlt að greiða og beri aðalstefnanda að endurgreiða það. Þar sem eiginkona aðalstefnanda hafi eigi komið hingað til lands fyrr en í júnímánuði, hafi fargjald fyrir hana orðið kr. 432.00 dýrara en ef hún hefði komið í maímánuði, eins og um hafi verið samið. Fé þetta beri þeim hjónum því að endurgreiða. Af þessu sé ljóst, að miðað við 8. september 1952, hafi aðalstefndi átt kr. 2.187.75 hjá þeim hjónum, aðalstefnanda og sakaukastefnda.

Þegar litið er til bréfaskipta þeirra aðalstefnanda og firmans Elmaro um ráðningu aðalstefnanda og konu hans, sem að framan hafa verið rakin, þá verður eigi talið, að aðalstefnandi hafi mátt líta svo á, að hann skyldi taka kaup frá 1. apríl 1952. Hins vegar þykir rétt að telja, að aðalstefnandi hafi mátt reikna sér laun frá 1. maí 1952, en hann lagði af stað frá Kaupmannahöfn þann 3. maí samkvæmt fyrirskipun frá nefndu firma. Samkvæmt þessu bar aðalstefnanda kaup frá 1. maí 1952, eða alls í 4 mánuði, sem hér koma til álita. Að því er varðar laun aðalstefnanda, þá voru aðiljar sammála um, að honum hafi borið kr. 3.000.00 í kaup fyrstu þrjá mánuðina. Í fyrrgreindum bréfum er ekki fastákveðið, hvenær launahækkun skyldi hefjast né hvern-

ig henni skyldi hagað. Þegar þetta er virt og það, að ekki verður séð, að aðalstefnandi hafi gert neinn reka að því að fá ákveðna samninga um launahækkunina né krafið um launahækkun eftir þriggja mánaða starf, þá verður ekki fallið á, að hann eigi rétt á slíkri launahækkun fyrir það tímabil, sem hér skiptir máli. Að því er varðar eiginkonu aðalstefnanda, þá var svo til ætlað, að hún kæmi hingað til lands ásamt aðalstefnanda. Þar sem hún gerði það ekki, getur hún ekki krafið kaup frá sama tíma sem hann, en ósannað er, að sjúkleiki hafi dvalið för hennar. Eiginkona aðalstefnanda lagði hins vegar af stað frá Kaupmannahöfn fyrstu daga júnímánaðar, og þykir hún eftir atvikum eiga rétt á launum frá 1. júní. Aðiljar eru sammála um, að eiginkona aðalstefnanda hafi átt að fá kr. 2.000.00 á mánuði í kaup fyrstu þrjá mánuðina. Verður það lagt til grundvallar hér, en þessi hluti málsins snýst aðeins um tímabilið til 1. september 1952. Með vísan til þessa verður að telja, að þeim aðalstefnanda og eiginkonu hans hafi borið alls kr. 18.000.00 í laun til 1. september 1952.

Eins og áður er getið, eru aðiljar sammála um, að af launum þessum hafi aðalstefnandi og eiginkonu hans þegar verið greiddar kr. 12.200.00 í reiðufé.

Því er ómótmælt af aðalstefnanda og eiginkonu hans, að aðalstefndi hafi greitt þeirra vegna opinber gjöld, að fjárhæð kr. 1.819.00, vegna starfa þeirra hér. Hins vegar er ósannað, að aðalstefndi hafi greitt meira fé af þessum sökum eða sé ábyrgur fyrir því. Samkvæmt þessu þykja kr. 1.819.00 eiga að koma hér til frádráttar launum aðalstefnanda og eiginkonu hans. Að því er varðar flutningsgjald á húsmunum aðalstefnanda, þá er því ómótmælt, að aðalstefndi hafi innt þessar greiðslur af hendi. Hins vegar hefur aðalstefnandi haldið því fram, að aðalstefndi hafi tekið að sér að greiða þenna kostnað. Eins og áður getur, tók aðalstefnandi það fram í bréfi sínu til Elmaro þann 24. marz 1952, að hann reiknaði með, að vinnuveitandinn greiddi allan ferðakostnað. Þá segir í bréfi Elmaro frá 24. apríl 1952, að aðalstefnandi og kona hans muni fá greidda ferðina hingað til lands. Í bréfi þessu er aðalstefnandi hvattur til að taka með húsgögn sín, enda þótt hann gæti ekki flutt þau með sér án þess að greiða farmgjald. Frekar virðist ekki hafa verið um þessi atriði samið. Þegar litið er til atvika allra, þykir aðalstefnandi hafa mátt reikna með því, að aðalstefndi greiddi kostnað af flutningum á húsmunum hans, og þar sem ekki er í ljós leitt, að hér hafi verið um óeðlilega mikinn kostnað að ræða, verður aðal-

stefndi að bera þenna kostnað, og verður þessi liður því ekki dreginn frá launum aðalstefnanda. Eins og áður getur, kom eiginkona aðalstefnanda hingað til lands í byrjun júnímánaðar, en svo hafði verið ráð fyrir gert í upphafi, að hún kæmi með manni sínum og að þau ferðuðust þá á öðru farrými. Eiginkona aðalstefnanda hefur skýrt svo frá, að hún hafi aðeins getað fengið far hingað til lands á fyrsta farrými í júníbyrjun. Hafi hún spurt mann sinn, hvað gera skyldi og hann símsvarað, að hún skyldi koma strax, enda þótt hún þyrfti að ferðast á fyrsta farrými, þar sem lögð var áherzla á, að hún kæmi sem fyrst. Aðalstefndi greiddi fargjaldið, en telur nú, að hún geti endurkrafið um mismun fargjaldsins á fyrsta og öðru farrými á skipi því, er þau hjónin ferðuðust með. Telja verður, að aðalstefndi eigi ekki að bera hallann af því, að eiginkona aðalstefnanda gat eigi komið með þeirri ferð, sem um hafði verið samið, og þar sem ósannað er, að af hálfu aðalstefnda hafi síðar verið samþykkt að greiða hærra gjald fyrir farið en upphaflega skyldi gert, þá verður að telja, að aðalstefnanda beri að endurgreiða fé þetta, en fjárhæðinni út af fyrir sig hefur ekki verið mótmælt. Kemur því fé þetta, kr. 432.00, til frádráttar kaupi aðalstefnanda og eiginkonu hans. Samkvæmt þessu telst aðalstefndi hafa greitt samtals kr. 14.451.00 upp í kaup þeirra hjóna fyrir tímabil það, er hér um ræðir. Ber aðalstefnda því að greiða aðalstefnanda eftirstöðvar launanna, kr. 3.549.00.

Um 2.

Aðalstefnandi skýrir svo frá, að er hann hafi athugað vélar og tæki verksmiðjunnar, hafi komið í ljós, að mikið vantaði af ýmsum smátækjum til þess, að unnt væri að framleiða skó. Kveðst hann hafa rætt þetta við forráðamenn aðalstefnda, sem hafi lofað að bæta úr þessu, án þess þó, að úr því yrði. Þá kveðst aðalstefnandi hafa bent á, að hann ætti úti í Danmörku allmikið af áhöldum og verkfærum, sem hann væri tilleiðanlegur að selja eða leigja aðalstefnda. Hafi hann þá verið beðinn að fá þau tæki hingað og það hafi hann gert. Hafi tæki þessi komið hingað í byrjun júnímánaðar og strax verið tekin í notkun. Hins vegar hafi engin ákveðin svör fengist um það, hvort aðalstefndi vildi kaupa eða leigja tækin. Í júlímánuði hafi hann krafizt ákveðinna svara um þetta, ella myndi hann taka tækin til sín. Hafi þá orðið að samkomulagi, að aðalstefndi greiddi leigu fyrir tækin, sem ákveðin hafi verið kr. 1.000.00 til 31. ágúst 1952. Þá kveðst aðalstefnandi og hafa getið þess, að hann væri tilleiðan-

legur til að leigja tækin frá þeim tíma til áramóta fyrir kr. 1.000.00. Hann hafi hins vegar enga leigu fengið greidda. Af hálfu aðalstefnda hafi boði um leiguna til áramóta verið hafnað og hafi hann því tekið tækin til sín í byrjun septembermánaðar.

Af hálfu aðalstefnda hefur því verið algjörlega mótmælt, að nokkuð hafi verið samið um leigu fyrir tæki þessi og að aðalstefnda beri að greiða nokkra leigu fyrir þau.

Starfsmaður aðalstefnda, sem virðist hafa komið fram sem framkvæmdastjóri fyrirtækisins, hefur fyrir dómi viðurkennt að hafa sagt aðalstefnanda, að hann mætti vænta þess, að honum yrði greidd leiga fyrir not tækja þessara. Hins vegar hafi ekkert verið ákveðið um leigufjárhæðina. Vitni þetta kveðst hafa rætt við stjórn aðalstefnda um leigufjárhæðina, en engin svör fengið.

Af framangreindu verður að telja ljóst, að aðalstefnandi á rétt á nokkurri þóknun fyrir afnot aðalstefnda af umræddum tækjum. Þegar það er virt, sem fram hefur komið í málinu, að aðalstefndi bauðst til að greiða kr. 200.00 á mánuði í leigu fyrir tæki þessi, þá þykir hæfilegt að ákveða leigu fyrir þann tíma, sem hér skiptir máli, kr. 600.00, sem aðalstefnda ber að greiða.

Um 3.

Aðalstefnandi hefur skýrt svo frá, að hann hafi greitt fyrir ferða- og flutningskostnað frá Sorö til Kaupmannahafnar d. kr. 513.60, eða íslenskar kr. 1.212.00. Telur aðalstefnandi, að aðalstefnda hafi borið að greiða allan slíkan kostnað, og krefur því um hann í máli þessu.

Af hálfu aðalstefnda hefur þessum kröfulið algjörlega verið mótmælt. Telur aðalstefndi, að henni hafi aðeins borið að greiða flutningskostnað frá Kaupmannahöfn til Reykjavíkur. Sá kostnaður, sem hér um ræðir, sé því henni óviðkomandi. Þá hefur aðalstefndi mótmælt þessum kröfulið sem allt of háum.

Af því, sem fram hefur komið í málinu, verður ekki örugglega séð, hvort aðalstefndi hefur skuldbundið sig til að greiða flutningskostnaðinn frá Sorö til Kaupmannahafnar. Þegar hins vegar litið er til þess, að ekki verður séð, að aðalstefnandi hafi hreyft þessari kröfu fyrr en nú í máli þessu, enda þótt telja verði, að til þess hefði verið ástæða, og að krafa þessi er engum gögnum studd, þá þykir aðalstefnda ekki verða gert að greiða fé þetta.

Úrslit aðalsakar verða því þau, að aðalstefnda verður gert að greiða aðalstefnanda kr. 4.149.00 með 6% ársvöxtum, sem reiknast frá stefnudegi, 10. september 1952.

Þá þykir rétt eftir þessum málalokum, að aðalstefndi greiði

aðalstefnanda málskostnað í þessum þætti málsins með kr. 700.00.

Eins og áður getur, lét aðalstefnandi þann 9. sept. 1952 leggja löghald á handstanzvél, randsaumavél, fjórar saumavélar og 30 st. leista úr járni og álmi, eign aðalstefnda, til tryggingar kröfum þessum. Löghaldi þessu hefur verið réttilega til laga haldið, og ber því að staðfesta það til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum.

Framhaldssök.

Aðalstefnandi hefur skýrt svo frá, að er hann kom hingað til lands og hugðist taka til starfa, þá hafi komið í ljós, að verksmiðja aðalstefnda var lítt búin tækjum og vélum til skógerðar. Hafi verið byrjað á því að lagfæra húsnæði verksmiðjunnar. Síðan hafi komið nýjar vélar, en þær hafi verið óhentugar og margt vantað til þess, að framleiðsla gæti verið í lagi, en þótt hann bæði um ýmsa hluti, hafi þeir ekki verið fengnir. Síðar hafi hann fengið ýmis skógerðartæki, sem hann hafi sjálfur átt og leigt aðalstefnda, eins og áður getur, og hafi þá verið unnt að vinna nokkuð. Starfsfólk hafi verið fátt og algjörlega óvant vinnu sem þessari. Þau hjónin hafi ekki fengið greidd laun sín og allt hafi virzt í óreiðu. Þar sem hann hafi enga leigu fengið greidda fyrir umrædd tæki og samningar hafi ekki náðst um það atriði, hafi hann tekið þau á brott í byrjun septembermánaðar. Um svipað leyti hafi allt starfsfólk þarna hætt störfum. Hann hafi þá höfðað mál gegn aðalstefnda til heimtu þess kaups, sem hann og kona hans hafi átt þar inni. Þann 12. september 1952 hafi maður sá, sem talinn hafi verið framkvæmdastjóri aðalstefnda, afhent honum svonefndan vinnuseðil. Hafi þess þar verið krafizt, að hann saumaði ákveðna skó. Þá hafi þar verið tekið fram, að það hefði sýnt sig, að hann (aðalstefnandi) væri algjörlega óhæfur til þeirra starfa, sem hann hefði tekið að sér fyrir aðalstefnda, og ljóst væri, að segja mætti honum upp starfi án fyrirvara og krefja hann skaðabóta fyrir það tjón, sem hann hefði valdið aðalstefnda. Aðalstefnandi neitaði að vinna verk þessi, sem um var rætt í vinnuseðlinum, þar sem hann væri ekki ráðinn til slíkra starfa. Afhenti aðalstefnandi þá téðum manni lykil sinn að húsnæði verksmiðjunnar og fór á brott ásamt konu sinni. Sama dag ritaði lögmaður aðalstefnanda aðalstefnda bréf. Var þar tekið fram, að aðalstefnandi og kona hans væru reiðubúin að starfa hjá aðalstefnda að þeim störfum, sem þau væru ráðin til að vinna og starfsskilyrði væru til að vinna, en engir starfsmöguleikar væru nú, þar sem bæði skorti efni og starfsfólk. Þá var tekið fram,

að þau hjónin væru reiðubúin að mæta til vinnu, þegar þess væri krafizt. Enn var getið þess, að aðalstefndi hefði rofið vinnusamninginn af sinni hendi með því að veita þeim eigi þær stöður, sem þau voru ráðin til, og að greiða þeim eigi laun, svo sem um hafi verið samið. Bréfi þessu var svarað af aðalstefnda sama dag og þar öllum skýringum og kröfum aðalstefnanda mótmælt. Var þar bent á, að aðalstefnandi hefði reynzt ófær til starfa þeirra, sem hann var ráðinn til. Þá var talið, að þau hjónin hefðu rift ráðningarsamningnum með því að neita að vinna þau verk, sem þeim voru falin, og hlaupa síðan brott úr vinnunni. Aðalstefnandi og kona hans virðast ekki hafa komið til vinnu hjá aðalstefnda eftir þetta. Kröfur sínar í þessum þætti málsins byggir aðalstefnandi á því, að þau hjónin hafi verið ráðin til eins árs til að starfa hjá aðalstefnda. Þann 1. september 1952 hafi verið eftir níu mánuðir af ráðningartíma þeirra. Aðalstefnandi telur, að honum hafi borið kr. 4.000.00 í laun á mánuði þenna tíma og konu hans kr. 2.500.00 í laun á mánuði. Aðalstefndi hafi rofið ráðningarsamninginn bæði með því að greiða þeim hjónum eigi laun á réttum gjalddögum og með því að veita þeim eigi þau störf, sem þau hafi verið ráðin til. Telur aðalstefnandi, að aðalstefnda beri að greiða þeim laun fyrir nefnda 9 mánuði, alls kr. 58.500.00. Af hálfu aðalstefnda hefur því verið algjörlega mótmælt, að hún hafi á nokkurn hátt vanefnt eða rift ráðningarsamning aðalstefnanda og eiginkonu hans. Það hafi einmitt verið þau, sem hafi bæði vanefnt samninginn og að lokum hlaupizt á brott frá vinnu sinni án nokkurrar ástæðu. Það hafi fljótt komið í ljós, eftir að aðalstefnandi var kominn hingað til lands og skyldi hefja vinnu, að hann var alóhæfur til þess starfs, sem hann hafði tekið að sér að vinna. Hafi hann ekkert kunnað til starfa og það, sem hann hafi gert, hafi verið ónýtt verk. Þann 6. september fékk aðalstefndi dómkvadda tvo sérfróða menn til að skoða skósýnishorn, sem aðalstefnandi hafði gert. Samkvæmt álitgerð hinna dómkvöddu manna, sem dagsett er 13. september 1952, eru hin umræddu sýnishorn ekki söluhæf vara samkvæmt nýtízku kröfum vegna lélegrar vinnu á þeim. Þá hefur af aðalstefnda hálfu verið á það bent, að í bréfaskiptum þeim, sem upphaflega fóru fram milli aðalstefnanda og firmans Elmaro, hafi beint verið tekið fram, að aðalstefnandi yrði að taka að sér að vinna hverskonar störf, sem til féllu í verksmiðjunni. Þetta hafi hann hins vegar neitað að gera. Þannig hafi hann þann 12. september 1952 neitað að framkvæma þau verk, sem framkvæmdastjóri aðalstefnda hafi falið honum skriflega, og þá farið á brott

úr vinnunni og ekki komið þar síðan. Að því er varðar störf eiginkonu aðalstefnanda, þá hefur af hendi aðalstefnda ekki verið sérstaklega að þeim fundið. Hins vegar hefur af aðalstefnda hálfu því verið haldið fram, að hún hafi án ástæðu hlaupizt brott úr vinnunni þann 12. september 1952 og ekki komið til vinnu síðan. Af þessu sé ljóst, að það sé einmitt aðalstefndi, sem eigi kröfu til skaðabóta á hendur aðalstefnanda og konu hans vegna vanefnda þeirra á vinnusamningum.

Af gögnum málsins þykir mega ráða, að útbúnaður og rekstur verksmiðju aðalstefnanda hafi eigi verið slíkur, sem aðalstefnandi mátti búast við, er hann réð sig til starfa hjá aðalstefnda. Þá virðast starfsskilyrði öll hafa verið mjög léleg, og mun það hafa verið aðalorsök þess, hve framleiðslan gekk illa. Í bréfi Elmaro til aðalstefnanda, dags. 24. apríl 1952, er beint tekið fram, að aðalstefnandi muni þurfa að vinna hvers konar vinnu í verksmiðjunni. Með hliðsjón af þessu verður að telja það hafa verið óheimilt af aðalstefnanda að neita að vinna störf þau, er honum voru falin þann 12. september 1952, enda þótt þau geti ekki talizt til venjulegra starfa verkstjóra. Þegar hins vegar litið er til þess, að þau hjónin fengu kaup sitt greitt mjög óreglulega og áttu veruleg laun inni hjá aðalstefnda samkvæmt því, sem greinir í aðal-sök, og fengu þau ekki greidd, og þess gætt, að verksmiðjan hafði í raun og veru hætt allri framleiðslu í byrjun septembarmánaðar og allt annað starfsfólk hætt þar störfum vegna fjárhagsörðugleika aðalstefnda, þá þykir þeim hafa verið heimilt að líta svo á, að ráðningarsamningur þeirra hafi verið svo verulega vanefndur, að þeim hafi verið heimilt að rifta honum án nokkurs fyrirvara. Þegar þetta er virt og þess gætt, að aðalstefnandi og eiginkona hans höfðu verið ráðin til starfa í eitt ár hjá aðalstefnda, þá þykir mega á það fallast, að þau eigi rétt til nokkurra bóta úr hendi aðalstefnda vegna vanefnda hennar á ráðningarsamningum. Eiginkona aðalstefnanda fór héðan af landi brott seint í októbermánuði 1952, en aðalstefnandi sjálfur um vorið 1953. Ekki er fram komið, að þau hafi haft neinar tekjur þann tíma, sem þau dvöldu hér á landi, eftir að þau hættu störfum hjá aðalstefnda. Þegar allt það er virt, er hér skiptir máli, þykir hæfilegt að ákveða bætur til aðalstefnanda og eiginkonu hans alls kr. 10.000.00, og er þá þar með tekið kaup þeirra þá daga, sem þau unnu í septembarmánuði 1952.

Samkvæmt þessu verða málalok framhaldssakar þau, að aðalstefndi verður dæmd til að greiða aðalstefnanda kr. 10.000.00 með 6% ársvöxtum, sem reiknast frá stefnudegi, 7. október 1952, til

greiðsludags og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1000.00.

Gagnsök og sakaukamál.

Kröfur sínar sundurliðar gagnstefnandi þannig:

1. Kröfur á hendur gagnstefnda, Harry Jensen.
 - a. Skaðabætur vegna ágóðataps kr. 15.000.00
 - b. Skaðabætur fyrir riftun á ráðningarsamningi— 24.000.00 kr. 39.000.00
2. Krafa á hendur sakaukastefnda, Lilly Jensen.

Skaðabætur fyrir riftun á ráðningarsamningi kr. 16.000.00
3. Kröfur á hendur þeim gagnstefnda og sakaukastefnda in solidum.
 - a. Skaðabætur vegna ólög-mætrar löghaldsgerðar .. kr. 25.000.00
 - b. Inneign hjá gagnstefnda og sakaukastefnda fyrir tímabilið frá 8. maí 1952 til 8. september 1952 — 2.187.75 kr. 27.187.75

Um 1 a.

Kröfulið þenna fær gagnstefnandi þannig fram, að hún telur, að á tímabilinu frá 8. maí, er gagnstefndi kom til starfa, og til 8. júlí 1952 hafi verið framleiddir í verksmiðjunni alls fimm skór. Hins vegar hafi starfað þarna fimm manns, sem hafi átt að geta framleitt 3 pör af skóm á dag. Söluverð hvers pars sé hæfilega áætlað kr. 100.00 og hreinn hagnaður af framleiðslunni 20%. Um-rædda tvo mánuði hafi því hagnaðurinn átt að vera kr. 15.000.00. Ástæðan til þess, að ekkert hafi verið framleitt, hafi verið þekk-ingarleysi og ódugnaði gagnstefnda að kenna, og beri honum því að bæta það tjón, sem af hafi hlotizt.

Gagnstefndi hefur algjörlega mótmælt þessum málskýringum gagnstefnanda. Hefur hann bent á, að verulegur hluti af þessum tíma, sem hér um ræðir, hafi farið í það að setja upp nýjar vél-ar í verksmiðjunni og koma húsnæði hennar í viðunandi horf. Þá hafi þurft að reyna vélarnar og annað slíkt. Þá hafi aðeins einn eða tveir menn unnið þarna þenna tíma, en lítið hafi orðið úr verki, vegna þess að hin algengustu tæki hafi vantað.

Af gögnum málsins er ljóst, að á tímabili því, sem hér um ræðir, var verið að undirbúa verksmiðjuna undir framleiðslu og lítið var unnið að skógerð af ástæðum, sem gagnstefndi ber ekki

ábyrgð á, enda ekki fram komið, að starfsfólk hafi verið fleira en gagnstefndi telur. Með vísan til þessa verður ekki talið, að gagnstefnandi hafi orðið fyrir tjóni af völdum gagnstefnda að þessu leyti, og verður því þessi kröfuliður ekki tekinn til greina.

Um 1 b.

Gagnstefnandi telur, að gagnstefndi hafi rift ráðningarsamningi þeirra aðilja að ástæðulausu og beri honum því af þeim sökum að greiða skaðabætur, sem nemi 8 mánaða launum hans, en hann hafi verið ráðinn til eins árs hjá gagnstefnanda.

Gagnstefndi hefur mótmælt þessum lið.

Með vísan til þess, sem segir, þegar rætt var um framhalds-sökina, þá verður að telja, að gagnstefnda hafi verið heimilt að rifta ráðningarsamningi sínum vegna vanefnda gagnstefnanda, og verður því þessi kröfuliður ekki tekinn til greina.

Um 2.

Sakaukastefnandi telur, að sakaukastefndi hafi rift ráðningarsamningi þeirra aðiljanna án ástæðu og beri því að greiða skaðabætur af þeim sökum, sem svari til 8 mánaða launa hennar.

Sakaukastefndi hefur mótmælt þessum lið.

Með vísan til þess, sem segir um þetta atriði, þegar rætt var um aðalsökina, verður að telja, að sakaukastefnda hafi verið heimilt að rifta ráðningarsamningi þeirra aðiljanna vegna vanefnda sakaukastefnanda á honum, og verður því þessi kröfuliður ekki tekinn til greina.

Um 3 a.

Gagnstefnandi krefur hér um bætur vegna löghalds þess, sem gagnstefndi lét leggja á eignir gagnstefnanda til tryggingar kröfum hans og konu hans og um fjallar í aðalsök.

Gagnstefndi og sakaukastefndi hafa mótmælt þessum kröfulið.

Eins og greinir í aðalsök, er löghald þetta staðfest, og verður því þessi kröfuliður ekki tekinn til greina.

Um 3 b.

Eins og þegar hefur verið rakið í aðalsök, átti gagnstefnandi ekki fé hjá gagnstefnda og sakaukastefnda eftir þetta tímabil, og verður því þessi kröfuliður ekki tekinn til greina.

Málalok gagnsakar og sakaukamáls verða því þau, að gagnstefndi og sakaukastefndi verða sýknuð af öllum kröfum gagnstefnanda og sakaukastefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Framangreint löghald er staðfest.

Í aðalsök greiði aðalstefndi, Litla Skógerðin h/f, aðalstefnanda, Harry A. Jensen, kr. 4149.00 með 6% ársvöxtum frá 10. september 1952 til greiðsludags og kr. 700.00 í málskostnað.

Í framhaldssök greiði aðalstefndi aðalstefnanda kr. 10.000.00 með 6% ársvöxtum frá 7. október 1952 til greiðsludags og kr. 1000.00 í málskostnað.

Í gagnsök og sakaukamáli skulu gagnstefndi, Harry A. Jensen, og sakaukastefndi, Lilly Jensen, vera sýkn af kröfum gagnstefnanda og sakaukastefnanda, Litlu Skógerðarinnar h/f, en málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 12. apríl 1957.

Nr. 16/1957. **Stefán Bergmann** (Benedikt Sigurjónsson hrl.)
gegn

Ingvari G. Oddssyni og gagnsök
(Vilhjálmur Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál út af árekstri bifreiða.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. janúar 1957. Hann krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur fengið áfrýjunarleyfi 25. febrúar 1957 og áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 27. s. m. Hann krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 7787.07 með 6% ársvöxtum frá 3. apríl 1954 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.